

3. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.

Lestur og lesskilningur

- Þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila,
- Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.
- Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- Skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir.

Ritun

- Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð.
- Búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.
- Skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk.

Bókmenntir

- Unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir
- Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.
- Áttað sig á grunneinkennum ljóða og unnið með innihald þeirra.

Mál og málnoctun

- Áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.
- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.
- Áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd.

Lykilhæfni í íslensku – 3. bekkur

Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.

Tjáning og miðlun

- Lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni
- Nýtt ólíkar leiðir til miðlunar

Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.
- Unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi.
- Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.

Nýting miðla og upplýsinga

- Skilið muninn á tilbúningi og raunveruleika.
- Gert greinarmun á skoðunum og staðreyndum.

Íslenska – Kennsluaðferðir og námsmat í 3. bekk

Árgangur	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
3. bekkur	- Áhorf og tjáning - skrift - stöðvavinna - Lestur - sögur - söngur - leikir - verkefnablöð - skapandi vinna - einstaklings/para og hópvinna - upplýsingatækni	- Ljósrit og hefti frá kennara - leikir, tónlist og annað efni - námsbækur (Lesrún, Ritrún 2) - lestrarbækur - pokaverkefni - spjaldtölva	• Símat yfir veturinn • Metið með 6 hæfnitáknum eða • metið lokið eða ólokið  Framúrskarandi  Mjög góð hæfni  Góð hæfni  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð  Lokið  Ólokið